



### **Þingsályktun um endurskoðun framtíðarskipanar Þjóðkirkjunnar o.fl.**

Kirkjuþing samþykkir að í stað framkvæmdanefndar kirkjuþings, sem stofnsett var á 61. kirkjuþingi (aukakirkjuþingi) 2021), kemur stjórn Þjóðkirkjunnar, sem kirkjuþing kýs. Stjórnin skal kosin árlega á síðasta fundi reglulegs kirkjuþings að hausti. Stjórnin starfar á ábyrgð kirkjuþings og lýtur boðvaldi þingsins. Stjórnina skipa fimm kirkjuþingsfulltrúar úr röðum aðalmanna, þrír úr hópi óvígðra og tveir úr hópi vígðra. Þrír varamenn eru kosnir með sama hætti. Formaður komi úr röðum leikmanna og skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Gæta skal að kynjahlutföllum við kosningu í stjórn. Formenn og varaformenn fastanefnda geta ekki verið í stjórn Þjóðkirkjunnar. Stjórnin fer með æðsta vald í fjármálum kirkjunnar á milli þinga innan þeirra marka er starfsreglur um fjármál setur henni. Meirihluti stjórnar ritar firma Þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing 2023-2024 kýs stjórn Þjóðkirkjunnar á síðasta fundi þingsins og skal sú stjórn sitja uns ný stjórn hefur verið kosin á reglulegu kirkjuþingi að hausti 2025.

Jafnframt samþykkir kirkjuþing eftirfarandi skipurit sem skipurit Þjóðkirkjunnar:





*Samþykkt á kirkjuþingi 8. mars 2024 og birt á opnum vef kirkjunnar sama dag.*

**Drífa Hjartardóttir** forseti kirkjuþings